Tíminn

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn
Framkvæmdastjóri: Jóhann H. Jónsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórar: Þórarinn Þórarinsson, Elías Snæland Jónsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Páll Magnússon. Umsjónarmaður Helgar-Tímans: Illugi Jökulsson. Blaðamenn: Agnes Bragadóttir, Bjarghildur Stefánsdóttir, Egill Helgason, Friðrik Indriðason, Friða Björnsdóttir (Heimilis-Tíminn), Halldór Valdimarsson, Heiður Helgadóttir, Jónas Guðmundsson, Jónas Guðmundsson, Kristinn Hallgrímsson, Kristín Leifsdóttir, Ragnar Örn Pétursson (íþróttir), Skafti Jónsson. Útlitsteiknun: Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Róbert Ágústsson, Elín Ellertsdóttir. Myndasafn: Eygló Stefánsdóttir. Prófarkir: Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir.
Ritstjórn, skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: 86387, 86392. — Verð í lausasölu 5.00. Áskriftargjald á mánuði: kr. 85.00 — Prentun: Blaðaprent h.f.

# Starfslaun íþróttamanna

■ Þingmenn úr öllum flokkum hafa lagt fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um starfslaun íþróttamanna. Aðalflutningsmaður tillögunnar er Jóhann Einvarðsson.

Samkvæmt tillögunni skal þriggja manna nefnd falið að semja frumvarp um þetta efni. Nefndina skulu skipa formaður íþróttasambands Íslands, formaður Ungmennafélags Íslands og íþróttafulltrúi ríkisins, sem skal vera formaður hennar.

Í greinargerð tillögunnar segir m.a. á þessa leið:

„Það hefur verið mjög áberandi á undanförnum árum, hve stuttur ferill margra efnilegra frjálsíþróttamanna hefur orðið.

Menn hafa tekið þátt í keppni nokkur sumur með góðum árangri, en eru svo allt í einu horfnir af keppendaskránni. Skýringin er oftast sú, að menn hafi stofnað heimili,séu að byggja, önnum kafnir við nám eða uppteknir við vinnu. Út yfir tekur þó þegar okkar mestu afreksmenn verða að hætta keppni vegna féleysis.

Fyrir nokkrum vikum var frá því sagt, að Óskar Jakobsson, kastarinn snjalli, sem dvaldist s.l. vetur í Bandaríkjunum við æfingar, væri farinn austur á land í símavinnu til að vinna fyrir skuldum og hefði ekki efni á frekari þátttöku í keppni að sinni.

Þetta dæmi sýnir okkur svo ekki verður um villzt, að komið er að þáttaskilum í þessu efni. Við getum ekki lengur farið svona með okkar beztu íþróttamenn. Við verðum að gera okkur ljóst að afreksíþróttir verða ekki stundaðar í tómstundum með fullri vinnu eða námi.

Flutningsmenn telja að ekki verði lengur hjá því komizt að stofna til „starfslauna íþróttamanna", sem úthlutað yrði til bezta íþróttafólks okkar. Við höfum þegar nokkra skákmenn á launum hjá ríkinu og þykir sjálfsagt og árlega er úthlutað starfslaunum til hóps listamanna.

Það gæti varla talizt nein fordild þótt við hefðum íþróttamenn á launum í svo sem 3-5 stöðugildum."

# Undirritun Haigs

■ Sögulegur atburður gerðist í Mexíkóborg fyrra mánudag, þegar Haig utanríkisráðherra undirritaði fyrir hönd Bandaríkjanna yfirlýsingu um að þau myndu hvorki gera tilraunir með kjarnavopn, framleiða þau eða nota þau í rómönsku Ameríku. Áður hafði Bandaríkjaþing gefið samþykki sitt þessu til staðfestingar.

Öll ríki rómönsku Ameríku, nema Kúba, hafa undirritað yfirlýsingu um kjarnavopnalausa rómanska Ameríku. Öll ríkin hafa jafnframt formlega staðfest undirritun sína, nema Chile, Argentína og Brazilía.

Þegar undirritun og staðfesting framangreindra ríkja er fengin, mun samningurinn um kjarnavopnalausa rómönsku Ameríku koma til fullra framkvæmda.

Þ.Þ.

## á vettvangi dagsins

# Virðingin fyrir lífinu

### eftir Hjörleif Kristinsson, Gilsbakka

### Lög um náttúruvernd

■ 1. grein laga um náttúruvernd hljóðar þannig:

„Tilgangur þessara laga er að stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að ekki spillist að óþörfu líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft. Lögin eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru eftir eigin lögmálum en verndun þess sem er sérstakt eða sögulegt. Lögin eiga að auðvelda þjóðinni umgengni við náttúru landsins og auka kynni af henni".

Þessi grein er um tilganginn með lögum um náttúruvernd. Hún er ekki torskilin og mun eiga fylgi að fagna hjá langflestum Íslendingum.

### Reftjarnarbunga eða Sandárhöfði

Nú er ekki lengur deilt um hvort virkja skuli Blöndu eða ekki og hefur raunar aldrei verið. Engum manni hef ég kynnst sem er alfarið á móti virkjun árinnar. Nú stendur deilan um það hvort mynda skuli miðlunarlón fyrir virkjunina með stíflu við Reftjarnarbungu sem færa mundi í kaf um 60 ferkm. af algrónu landi eða stífla ána við Sandárhöfða sem myndi þýða það að rífur helmingur landsins slyppi við eyðingu.

Þó að miðlunarlónið með stíflu við Sandárhöfða væri rúmlega helmingi minna að flatarmáli en lónið með stíflu við Reftjarnarbungu, þá væri það þeim mun dýpra og því eins mikið vatn til miðlunar og raunar meira þar eð minna af miðlunarvatninu yrði bundið sem ís þegar síst skyldi. Virkjun með stíflu við Reftjarnarbungu hefur verið nefnd Blönduvirkjun I, en virkjun með stíflu við Sandárhöfða heitir Blönduvirkjun 2. Þegar talað er um Blönduvirkjun hér á eftir er átt við tilhögun I, nema annað sé tekið fram.

### Höfuðrök fyrir Blönduvirkjun

1. Þetta er hagkvæmasti virkjunarkosturinn sem nú er fyrir hendi.
2. Hún liggur utan eldvirkra svæða.
3. Blönduvirkjun gefur mikið og ódýrt rafmagn til uppbyggingar blómlegs atvinnulífs á Norðurlandi. Veitir auk þess mikla atvinnu þar meðan framkvæmdir standa yfir.
4. Veitir öryggi gegn bilunum á byggðalínunni.
5. Virkjunin liggur vel við orkuflutningi til Suðvesturlandsins og Vesturlands að Vestfjörðum meðtöldum. Auk þess til Eyjafjarðar.
6. Landið sem fer undir uppistöðulónið má bæta fébótum og græða upp ógróið land í staðinn.

### Rökin skoðuð nánar

Rökin um hagkvæmni Blönduvirkjunar eru vafalaust rétt, svo langt sem þau ná, enda sé gróðurlendið mikla, sem undir miðlunarlónið fer, tekið inn í dæmið með venjulegu söluverði lands eða ríflega það. Orðið hagkvæmni þýðir þá einfaldlega það að beinn kostnaður við gerð virkjunarinnar sé lágur miðað við rafmagnið sem hún framleiðir. Benda má á það, að stórvirkjun er því aðeins hagkvæm, að mikill og góður markaður sé fyrir orkuna. Enginn veit enn til hvers Blöndurafmagn verður notað og er víst ærið verkefni að ráðstafa á skynsamlegan hátt þeirri miklu raforku sem bætist við á Þjórsársvæðinu ef allt gengur þar eins og vonir standa til. Þetta um ráðstöfun rafmagnsins á að sjálfsögðu jafnt við með hvaða hætti sem Blanda verður virkjuð svo og aðrar þær virkjanir sem byggðar verða.

Í hagkvæmnisútreikningum er horft fram hjá því, hverjar verða fjárhagslegar afleiðingar þess að svipta viðkomandi sveitir öllum þessum beitilöndum og trúlega spilla jafnframt veðurfari með kælandi áhrifum frá lóninu mikla.

Röksemdin fyrir Blönduvirkjun að hún liggi utan eldvirkra svæða á jafnt við með hvaða hætti sem Blanda verður virkjuð og réttlætir því ekki að velja þann kostinn sem verri er frá sjónarmiðum náttúruverndar. Ekkert yrði Blönduvirkjun frekar utan eldvirkra svæða en fyrirhugaðar virkjanir í Héraðsvötnum og á Fljótsdal, nema síður sé. Þessi röksemd fyrir Blönduvirkjun I er því haldlaus með öllu.

Þeir sem fastast sækja á um Blönduvirkjun telja að í kjölfar hennar muni atvinnulíf á Norðurlandi breytast mjög til batnaðar. Muni þar rísa mikill iðnaður þegar til komi hin ódýra og nærtæka orka. Þessi röksemd hefur mér alltaf fundist vera út í bláinn. Í fyrsta lagi vegna þess að orkuskortur hefur ekki staðið atvinnulífi þessa landshluta fyrir þrifum og í öðru lagi vegna þess að rafmagnið frá Blönduvirkjun fer að sjálfsögðu inn á hið sameiginlega orkukerfi og verður ekkert fyrir einn landshluta öðrum fremur, frekar en rafmagn frá öðrum virkjunum landsins.

Sumir Sauðárkróksbúa hafa hrópað hátt eftir Blönduvirkjun og hefur tekist að telja furðu-

## menningarmál

# MAÐUR AÐ NORÐAN

KJARVALSSTAÐIR
ÖRN INGI
MYNDLISTARSÝNING
39 verk
31. okt.-15. nóv.
Vesturgangur

### Maður að Norðan

■ Ég man ekki hversu mörg ár eru síðan nokkrir myndlistarmenn frá Akureyri fylltu gamla Beechcraft herflugvél frá Tryggva Helgasyni af málverkum og flugu út í storm og snjókomu á leið til Reykjavíkur, til að halda sýningu í Reykjavík, eða nánar til tekið í Norræna húsinu.

Ekki veit ég hvort það var beinlínis ætlunin að hætta lífi og limum fyrir þessi málverk, né heldur hvort það var fyrir guðsmildi, eða örugga flugstjórn, að þeir náðu suður. En að einu leyti varð þetta suðurflug merkilegt frá sjónarhóli myndlistarinnar en með því komst á nokkuð traust samband milli Akureyrar og Reykjavíkur í myndlist.

Ég man ekki lengur með vissu, hversu margir Norðanmennirnir voru en í þessum hópi voru þeir Örn Ingi og Óli G. Jóhannsson. Sá síðarnefndi stofnaði síðan Gallerí Háhól er lyfti myndlist fyrir norðan um langt skeið og Örn Ingi hætti í bankanum og fór að sinna myndlist af fullri alvöru.

Hefur hann haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum víða en síðast hélt hann einkasýningu í Reykjavík í fyrra. Og nú erum við orðin vön því að maður komi að norðan með myndir.

### Að breytast með dögunum

Ég vona að það verði ekki misskilið — að nokkuð auðsæ einangrun fylgdi myndunum, sem komu með flugvélinni forðum. Þetta voru á vissan hátt innansveitarkrónikur, sem er síður en svo verra. Þótt annað mál sé það að án hins víða sjóndeildarhrings ná menn öllu skemmra en þeir sem hafa mikla heimslist fyrir augunum. Ekki svo að skilja að heimslistin eigi heima í Reykja-